

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

3350-003-FUN-115-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

22.10.2019 / 10:00

NR. FUNDAR

115

VERKHEITI

115. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)

VERKKAUPI

START hópurinn

FUNDAREFNI

1. Staða skráningar
2. Kostnaður vegna skorts 2019-2020
3. Vinnuhópur um Kostnað vegna skorts kynnr niðurstöður sínar
4. Áætlun ársins 2020
5. Önnur mál

FUNDARGERÐ

IJB / 23.10.2019

FUNDARBOÐARI

IJB

FUNDARSTAÐUR

EFLA

FUNDARMENN

Ragnar Stefánsson (RS)
 Egill Sigmundsson (ES)
 Gunnar Haukur Gunnarsson (GHG)
 Kjartan Rolf Árnason (KRA)
 Ragnar Emilsson (RE)
 Sigurður Elías Hjaltason (SEH)
 Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)
 Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)
 Jónas Hlynur Hallrímsson (JHH)
 Jón Skafti Gestsson (JSG)

Fjarfundur

FYRIRTÆKI

Landsnet
 HS-Veitur
 Norðurorka
 RARIK
 Orkubú Vestfjarða
 Orkustofnun
 EFLA
 EFLA
 EFLA
 Landsnet

FJARVERANDI

Benedikt Einarsson (BE)
 Rán Jónsdóttir (RJ)
 Marínó Stefánsson

FYRIRTÆKI

Veitur
 Orkustofnun
 Rafveita Reyðarfjarðar

DREIFING

START hópurinn

FYRIRTÆKI

FUNDARSKJÖL

KOSTNAÐUR VEGNA RAFORKUSKORTS Tölur til notkunar árin 2019, 2020 og 2021

NÆSTI FUNDUR

23.01.2020 / 10:00

Endurskoðun kostnaðarmats vegna truflana á raforkuafhendingu:
 Verkáætlun fyrir árin 2019-2021

Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2020 Verkefnishandbók. Drög.

Fundur START hópsins var að þessu sinni haldinn hjá EFLU, Lynghálsi 4.

1. Staða skráningar

Farið var yfir stöðu skráningar truflanaskýrsla hjá veitunum.

| | |
|-------------|--|
| RARIK: | Færri skýrslur en í fyrra. Fyrirhugað er að skipta um skráningarkerfi. |
| Norðurorka: | Engar alvarlegar truflanir. Hafa fengið tvær truflanir vegna liðaverndar, þar sem mörk voru of lág. |
| HS-Veitur: | Er með svipuðum hætti og undanfarin ár. |
| Landsnet: | Það eru færri truflanir en í meðalári. Fleiri tilvik eru vegna stóriðju. Álag á flutningskerfið er komið að mörkum. Með tilkomu snjallnets og annarra þátta hefur gengið að reka kerfið. |

Orkubú Vestfjarða: Færri truflanir í ár en í fyrra.

2. Kostnaður vegna skorts

KR fór yfir skýrslu „Kostnaður vegna skorts. Tölur til notkunar árin 2019, 2020 og 2021“.

Helsta breyting í ár er að gagnaver eru höfð sem sér flokkur en voru áður í hópnum verslun og viðskipti. Kostnaður gagnavera við rafmagnsleysi er metin sem samsvaraði þeim kostnaði sem myndast við að framleiða eina kWh með diesel.

ES benti á ef gagnaver er með skerðanlegan flutning hjá Landsneti og ættu þau ekki að teljast með í kostnaðarútreikningum.

3. Kostnaður vegna skorts

JHH fór yfir tillögur vinnuhóps um kostnað vegna skorts.

Hópurinn hefur fundað 5 sinnum. Niðurstöður hópsins eru í skjalinu „Endurskoðun kostnaðarmats vegna truflana á raforkuafhengingu: Verkáætlun fyrir árin 2019-2021.“ og fór JHH yfir þær. Hópurinn leggur áherslur á 4 verkefni (áfanga) sem yrðu unnin á tveggja ára tímabili. Á fyrra árinu er lagt til að fara í 1. Áfanga: Stóriðja og 2. Áfanga: Almenn spurningarkönnun meðal heimila.

Fyrir áfanga 1, er tveir kostir. Kostur A ef samstarf tekst við stórnotendur og kostur B ef samstarf tekst ekki. Kostur A gefur betri niðurstöður.

Fyrir áfanga 2 hefur verið fenginn spurningarlisti frá Noregi, sem þarf að staðfæra og þýða.

Lagt er til að hafa samstarf við Samtök atvinnulífsins (SA), Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) í þessari vinnu.

JSG hefur rætt við Samorku vegna þess að hafa samstarf við SI og SA.

Umræður

- RS spurði hvers vegna kostnaður vegna áfanga 1 er mun meiri en áfanga 2. JHH nefndi að til er spurningarlisti frá Noregi sem gæti nýst í áfanga 2.
- KRÁ Tímaáætlun er fyrir tvö ár, en sum verkefni er aðeins hægt að vinna í ákveðnum ársfjórðungi eða mánuði. Ekki er gott að leggja slíka könnun fyrir á hátíðum eða nálægt þeim og heldur ekki að sumarlagi, best er að gera það þegar álag er mikið en samt er hverdagurinn í gangi.
- SEH benti á rafbílum mun fjölga á næstu árum
- JHH Norska könnun aðstoðar notanda að meta skerðinguna, þar er gert ráð fyrir að ákveðin tæki hætta virkni eftir tímalengd truflunar.
- KRÁ tímaþáttur skiptir máli. Í norsku könnunni er spurt um langar truflanir (48 tímar) sem er ekki eins áhugavert hjá okkur.
- Umræða um sumarhús og löng straumleysi og kostnað vegna þeirra.
- RS tekur undir að taka mið af rafbílum í framtíðinni.
- KRÁ leggur til að endurmat útreikninga færi fram reglulega. Miða við árafjölda eða ef aðstæður breytast.
- KR spyr hver borgar kostnað við kannanir í Noregi. Það eru Orkustofnun í Noregi sem gerir það.
- KR benti á að niðurstaða í könnun gæti verið háð þeim sem gerir hana, þ.e. hvort um veitu eða óháðan aðila er að ræða.
- JHH nefndi framtíðarverkefni.

Umræða um kostnað vegna þessar liðar er undir áætlun ársins 2020.

4. Áætlun ársins 2020

IJB fór yfir vinnu ársins og verkefnishandbók næsta árs. Áætlun tekur miða af tillögum vinnuhóps um Kostnað vegna skorts, miðað er við að ráðast árið 2020 í áfanga 1. Stóriðja (kostur A, samstarf tekst) og áfanga 2. Almenn spurningarkönnun meðal heimila. Vinna við þessa þætti í endurskoðun útreikninga kostnaðar vegna skorts er um 800 tímar og síðan bætist við aðkeypt vinna við skoðunarkönnunum um 2,5 Mkr. eða samtals um 18 Mkr.

Einnig er gert ráð fyrir 3 fundum umfram þá sem eru í venjulegu ári þ.e. 5 fundum alls á árinu vegna verkefnisins um kostnað vegna skorts.

Heildartímafjöldi ársins 2020 er áætlaður 1460 tímar og heildarkostnaður um 31 Mkr.

Umræður

- ES benti á að HS Veitur hefðu lítið gagna að áfanga 1.
- KRÁ nefndi að RARIK væri í svipaðri stöðu en hann liti á endurskoðun heilstætt, þar sem sumir þættir nýttist þeim betur en aðrir.
- RS nefndi að réttar kostnaðartölur vegna skorts nýttist Landsneti sem rökstuðning við styrkingu flutningskerfisins.

Fundarmenn hafa hálfan mánuð til að koma með athugasemdir við áætlunina. Ef það koma engar athugasemdir telst hún samþykkt.

5. Önnur mál

- a) KR nefndi að KRÁ hafi komið með ábendingu vegna formúlu um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur í skýrslunni „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2009-2018.“. Búið er að laga skýrsluna, útreikningar stuðla í skýrslunni voru réttir.
- b) IJB spurði eftir svari frá Orkustofnun vegna fyrirspurnar sem kom fram á fundi START hóps 15. nóvember 2018, en hún var: „ES spurði RJ hvernig hún ætlaði að taka á „Kostnað vegna skorts“ hjá Orkustofnun. RJ ætlar að skoða lagaumhverfi og hvert er hlutverk Orkustofnunar í þessum málaflokk.“

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudag 23. janúar hjá Landsneti.

Ingvar Baldursson

Sýnt og dreift til fundarmanna:

- Skýrsla: KOSTNAÐUR VEGNA RAFORKUSKORTS Tölur til notkunar árin 2019, 2020 og 2021
- Endurskoðun kostnaðarmats vegna truflana á raforkuafhendingu: Verkáætlun fyrir árin 2019-2021
- Verkefnishandbók 2020, drög